

| |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 22. apríl 2015 |
| Tilv. _____ |

Vestmannaeyjarbær
Sigurður Smári Benónýsson
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar



Reykjavík 22. apríl 2015
UST201503-101/M.I.K.
09.04.00

Efni: Skipulagðar ferðir í Elliðaey, beðni um umsögn.

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Sigurðar Smára Benónýssonar, Skipulags- og byggingarfulltrúa Vestmannaeyjarbæjar, dags 11. mars 2015 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar ferðaþjónustuaðila um skipulagðar ferðir með túrista í Elliðaey.

Elliðaey er nr. 721 á náttúruminjaskrá en þar er er að finna miklar og sérstæðar sjófuglabbyggðir. Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá sbr 67. og 68. gr. laganna.

Í umsókn ferðaþjónustuaðilanna EyjaTours og Ribsafari er sótt um leyfi til að fara með ferðamenn út í Elliðaey. Ferðirnar yrðu árstíðarbundnar og ekki farið út í eyju ef veðurlagið er slæmt. Umgengni yrði á ábyrgð beggja aðila.

Mat Umhverfisstofnunar: Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að meta hvaða áhrif það myndi hafa á verndargildi svæðisins ef farið yrði í skipulagðar ferðir með ferðamenn í land í eyjunni miðað við þau gögn sem fyrir liggja. Upplýsingar um áætlaðan fjölda ferða og ferðamanna í hverri ferð koma ekki fram í umsókninni. Eins vantar upplýsingar um hvaða tímabil ársins er að ræða, siglingarleið og hversu lengi dvalið yrði í eyjunni. Hætta er á að álagi á svæðið muni aukast ef engar takmarkanir séu á fjölda ferðamanna og meðfram því aukin þörf á uppbyggingu innviða á svæðinu til að þjónusta ferðamennina og gæta öryggis þeirra. Á svæðinu er að finna miklar og sérstæðar sjófuglabbyggðir og því bendir Umhverfisstofnun á að æskilegt sé að óskað verði einnig umsagnar Náttúrustofu Suðurlands á mögulegum áhrifum starfsemi ferðaþjónustufyrirtækjanna í eyjunni á það fuglalíf sem þar er að finna.

Vakin er athygli á því að í vinnslu er friðlýsing Elliðaeyjar ásamt öðrum eyjum og fuglabjörgum í Vestmannaeyjaklasanum sbr. Náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Virðingarfyllst

Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur